

# Skógarpósturinn

Ágætu skógarbændur.

Gleðilegt nýtt ár og vonandi verður veðurfar á árinu hagkvæmt fyrir alla ræktendur og afrakstur góður.

Sem áður mun stjórnin funda mánaðarlega og má fylgjast með þeim fundum á [www.skogarbaendur.net](http://www.skogarbaendur.net)

Jafnframt verða haldnir félagsfundir, þangað sem fengnir verða góðir fræðarar og farnar skoðunarferðir, en síðast en ekki síst, verða tækifæri til að hittast og ræða um okkar mál.

Eins og áður hefur komið fram, er það orðinn fastur liður í starfi félagsins að fylgjast með gjörðum opinberra aðila og nefnda á þeirra vegum, þar sem hagsmunir skógargeirans og skógarbænda virðast endalaust í bráðri hættu, á sama tíma og talað er um að auka kolefnisbindingu með því að efla skógrækt.

Endurskoðun jarðalaga er mikið áhyggjuefni, þar sem eignarréttur og ráðstöfunarréttur eigendanna, virðist skráður daufu bleki.

Laugardaginn 25. febrúar næstkomandi, verður haldinn fundur og fagnaður á Góu, að Hótel Heklu á Skeiðum. Gestur okkar verður frá Félagi landeigenda, en hagsmunir okkar skarast við þeirra og verður áhugavert að heyra hvernig þeir taka á málum og með hvaða hætti við getum unnið saman.

Um kvöldið verður sameiginlegur kvöldverður, þar sem skógarbændur skemmta sér og öðrum, með viðeigandi hætti.

Vonast er til að félagar okkar á Vesturlandi verði með okkur á þessum fundi, þar sem það er okkar trú, að því fleiri sem koma að því að gæta hagsmuna okkar, því betra og vænlegra til árangurs. Þó að Vestlendingar séu hér sérstaklega nefndir, eru allir skógarbændur auðvitað velkomnir.

Dagskrá og nánari upplýsingar eru hér til hliðar.

Vert er að vekja athygli á, að Félag landeigenda verður með aðalfund sinn á Hótel Sögu 16. febrúar kl. 13 og málþing kl. 15, með áhugaverðri dagskrá, sem sjá má á síðunni þeirra [www.landeigendur .is](http://www.landeigendur.is) Hlakka til að sjá ykkur á Hótel Heklu, laugardaginn 25. febrúar n.k.

Akurbrekku, 30. janúar 2012, María E. Ingvadóttir, formaður FsS.



Félagsfundur á Góu, 25. febrúar 2012, kl. 16.00  
að Hótel Heklu á Skeiðum

## Dagskrá fundarins:

### Kl. 16.00, laugardaginn 25. febrúar

- \* Ræðumaður frá Félagi landeigenda
- \* Fleiri erindi á grænum nótum
- \* Umræður
- \* Kvöldverður

### Kl. 10.00, sunnudaginn 26. febrúar

- \* Gönguferð, ef veður og færð leyfa

Vinsamlegast hafið samband við Hótel Heklu á netfangið [info@hotelhekla.is](mailto:info@hotelhekla.is)

eða við Sigrúnu í síma 771 1619, sem tekur við pöntunum í gistingu og kvöldverð.

Verð á mann í 2ja manna herbergi með morgunverði er kr. 6.500.

3ja rétta veislukvöldverður, kr. 6.000 fyrir manninn.

**Gott væri að ganga frá pöntun sem allra fyrst.**

## NETFÖNG ÓSKAST

Stundum getur verið gott að geta komið orðsendingum til félaga með stuttum fyrirvara án þess að senda út heilan Skógarpóst. Þá getur tölvupóstur komið sér vel. **Stjórnin biður féлага að senda sér netföng .** **Upplýsingar berist á** [stefan-sigrnidur@simnet.is](mailto:stefan-sigrnidur@simnet.is)

12.árg., 1.tbl.2012, Skógarpósturinn, fréttabréf Félags skógareigenda á Suðurlandi, Austurvegi 1, 800 Selfossi.  
Ritstjóri, Sigríður Hjartar, netfang, [stefan-sigrnidur@simnet.is](mailto:stefan-sigrnidur@simnet.is).  
Ábyrgðarmaður, María E. Ingvadóttir.